

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag í landi Einiholts, Kaplaholt, Markholt, Einholtsás, Vörðuholt, Kistutjarnir og Vörðuhóll.*  
Skipulagssvæðið er um 150 ha að stærð úr norðurhluta Einiholts og er fyrirhugað að skipta landinu í 6 minni lögbýli þar sem sum verða nýtt til landbúnaðar en önnur að mestu í ferðaþjónustu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. nóvember 2013.
2. *Deiliskipulag fyrir fjallasel við Hagavatn.*  
Deiliskipulagið nær annars vegar til núverandi skála, hestagerðis, vetrarkamars, bílastæðis og fyrirhugaðra bygginga og hins vegar til fyrirhugaðs vatnsbóls og nærsvæðis þess.  
Samþykkt í sveitarstjórn 9. janúar 2014.
3. *Deiliskipulag fyrir fjallasel við Hlöðuvelli.*  
Deiliskipulagið nær til núverandi skála, hesthúss og kamars en einnig er gert ráð fyrir nýjum skála og salernishúsi.  
Samþykkt í sveitarstjórn 9. janúar 2014.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 10. febrúar 2014.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**